



1. stjórnarfundur LH 8. desember 2020 kl. 17.00 Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir: Guðni Halldórsson formaður, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Eggert Hjartarson, Hákon Hákonarson, Siguroddur Pétursson og Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn, Aníta Aradóttir og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Á fjárfundi: Einar Gíslason, Lilja Björk Reynisdóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Verkaskipting og nefndir

Farið var yfir fastanefndir LH og rætt um aðra starfhópa eða átakshópa:

- Starsfópur um Markaðs-, kynningar-, útbreiðslu- og nýliðunaráttaksverkefni
- Starfshópur um aðgang og öryggismál á reiðvegum – er nú þegar starfandi í samvinnu við HOI og Samgöngustofu.
- Öryggisnefnd – kalla eftir upplýsingum um öryggismál hjá félögum, hvar eru öryggisnefndir eða fulltrúar, slysaskráning ofl.
- Starfshópur um mótamál skoði umgjörð um mótahald og hvernig er hægt að gera mót áhorfendavænni.
- Gæðingafiminefnd sem skilaði gæðingafimireglum fyrir landsþing 2020 verður starfandi fram að næsta þingi skv. ákvörðun landsþings.

Einnig rætt um stefnumótunarvinnu í samstarfi við hestamannafélögin.

2. Skipað í embætti stjórnar

Varaformaður: Stefán Logi Haraldsson

Gjaldkeri: Hákon Hákonarson

Ritari: Gréta V. Guðmundsdóttir

Rætt var um fyrirkomulag á samþykkt og greiðslu reikninga og bókhaldi. Hákon og Berglind falið að fara yfir hvernig fyrirkomulag væri hentugast.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Afhending knapaverðlauna 2020

Fráfarandi stjórn LH samþykkti tilnefningar til verðlauna 2020 á fundi 27. nóv. sl. Umræða varð um hvernig skuli staðið að afhendingu verðlauna þar sem ekki er hægt að halda neinn viðburð í kringum afhendinguna.

Lagt til að tilnefningar verði birtar í lok vikunnar, hver flokkur kynntur í næstu viku með umfjöllun um hverja tilnefningu og sigurvegari hvers flokks tilkynntur í lokin með ítarlegri kynningu og viðtölum.

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Íslandsmót 2021

Fyrir liggur sameiginleg umsókn hestamannafélaganna á Norðvestur- og Norðurlandi um að halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 2021. Engar umsóknir hafa borist um að halda Íslandsmót barna og unglunga 2021.



Afgreiðsla: Samþykkt að úthluta hestamannafélögum á Norðvestur- og Norðurlandi Íslandsmót fullorðinna og ungmenna. Samþykkt að senda út auglýsingu á félögin þar sem óskað verði eftir umsýjónaraðila fyrir Íslandsmót barna og unglunga 2021 og umsóknarfrestur gefinn til 31.12.2020. Komi ekki umsóknir fyrir þann tíma er formanni og framkvæmdastjóra falið að leita eftir og semja við félag um að halda mótið 2021.

5. Önnur mál

a. Tilnefning nefndarmanns í Samút

Beiðni barst um að LH skipi fulltrúa í Samtök útivistarfélaga. LH tilnefnir Grétu V. Guðmundsdóttur og Anítu Aradóttur til vara.

b. Gjöf til fráfarandi formanns LH

Fráfarandi stjórn LH samþykkti að færa Lárusi Ástmari Hannessyni þakkargjöf frá LH fyrir farsæla forystu í sex ár. Gjöfin var málverk eftir Sigríði Ævarsdóttur og hnakkur frá Benna Líndal.

Fundi slitið um kl. 19:00